

047/00 - Bv. Skutull ÍS-180

Skutull ÍS-180, skipverji slasast þegar híft er í grandara

Bv. Skutull ÍS-180

Skipaskr.nr.: 1383

Smíðaður: í Póllandri 1974 úr stáli

Stærð: 912,87 brl; 1.403,00 bt

Lengd: 71,43 m **Breidd:** 11,30 m **Dýpt:** 7,30 m

Vél: Sulser 2.208,00 kW **Árgerð:** 1974

Annað:

Földi skipverja: 18



Skutull ©Þorgeir Baldursson

Atvikalýsing

Hinn 19. nóvember 1999 var bv. Skutull ÍS-180 að veiðum á Flæmska-hattinum austur af Nýfundnalandi. Veður: (kaldi, hálfgerð bræla), leiðinda sjólag. Verið var að hífa inn veiðarfæri (tvær rækjuvörpur). Hlerar voru komnir í gálga og skipverjar lásuðu dauðalegg úr hlera stb.-megin og lásuðu í leiðara. Síðan var leiðarinn settur út í rennuna. Einn skipverjinn hugðist lása í lóðið á milli veiðarfæranna (tvær vörpur). Talið er að dauðileggurinn hafi fest á milli hlera og skutlunningar og þegar híft var í leiðarann hafi hann slegist til þegar átakið kom á hann og við það lent á skipverjanum.

Við rannsókn kom fram

- að skipstjóri og fyrsti stýrimaður bv. Skutuls ÍS-180 mættu hjá lögreglunni í Hafnarfirði 29. desember 1999 til að gefa skýrslu vegna slyss um borð. Ekki var hægt að taka af þeim skýrslu þar sem frumskýrsla lá ekki fyrir frá lögreglunni á Höfn sem slasaði hafði gefið. Mál 036-1999-00000. Athugasemd gerð á skjalið um að slasaði hafi ekki gefið skýrslu um málið hjá lögreglunni á Höfn;
- að skipstjóri sagði að hinn slasaði hafi verið að teygja sig eftir upphalarakeðju á lóði þegar híft var í grandaraleiðara. Við það að híft var slóst grandaraleiðarinn upp fyrir lunningu og lenti á skipverjanum sem við það slasaðist;
- að sögn slasaða var myndavél, sem staðsett er aftur á dekki fyrir skipstjórnamann til að geta fylgst með skipverjum og búnaði aftast á þilfari, óvirk í þessari ferð;
- að hinn slasaði var í sinni fyrstu veiðiferð með þessu skipi;
- að sögn stýrimanns er myndavélin ekki fullkomnari en það að í myrkri er erfitt að fá góða skerpu á mynd. Hann telur að ekki hafi verið um bilun að ræða. Samkvæmt frásögn hans hefur hann verið á skipum þar sem lýsing er betri á þilfari en þarna var;
- að venjan var að lása dauðaleggjum í leiðarana og lása í lóðið á milli veiðarfæra áður en gefið var merki um að hífa.

Nefndarálit

Nefndin telur að koma hefði mátt í veg fyrir þetta slys ef einhver ákveðinn aðili hefði annast tilsogn og stjórnun vinnu á þilfarinu. Sá er gefa á bendingar um að hífa verður að hafa stjórn á vinnunni á þilfari svo að einstakir skipverjar grípi ekki til einhværra aðgerða án samhæfingar við aðrar aðgerðir sem eru í gangi hverju sinni. Slík stjórnun á störfum skipverja skilar sér í samhæfðri vinnu og ekki síst þegar nýir skipverjar eru að hefja störf og venjast vinnutilhögun um borð í skipinu. Það þarf að hafa það vel hugfast að vanir sjómenn vita hvað þarf að gera

um borð í skipi en ekki er sama röð vinnuaðgerða um borð í öllum skipum og því brýnt að það sé einn stjórnandi sem ráði vinnuferlinu.

Nefndin áréttar fyrri ábendingar um nauðsyn á markvissri stjórnun vinnu um borð í skipum til þess að koma í veg fyrir slys.